

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/15/EB**frá 27. febrúar 1998****um breytingu á tilskipun ráðsins 91/271/EBE að því er varðar tilteknar kröfur í I. viðauka við hana(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að leysa þau vandamál sem upp hafa komið varðandi túlkun á kröfum sem eru settar fram í töflu 2 í I. viðauka við tilskipun 91/271/EBE og gilda um frárennsli frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli til viðkvæmra staða þar sem ofnæringar gætir. Af því leiðir að breyta verður töflu 2 í I. viðauka við þá tilskipun.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 18. gr. tilskipunar 91/271/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

I. viðauka við tilskipun 91/271/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. 67, 7.3.1998, bls. 29, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/1999 frá 25. júní 1999 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stj. 135, 30. 5. 1991, bls. 40.

VIÐAUKI

Eftirfarandi texti komi í stað töflu 2 í I. viðauka við tilskipun 91/271/EBE:

„*Tafla 2:* Kröfur sem gilda um frárennsli frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli til viðkvæmra staða þar sem ofnæringar gætur eins og um getur í a-lið A-hluta II. viðauka. Beita má annarri eða báðum færíbreytunum með hliðsjón af staðháttum. Gildin fyrir styrk eða hundradshlutaþækkun skulu notuð.

Færíbreytur	Styrkur	Lágmarkslækkun miðað við hundradshluta ⁽¹⁾	Viðmiðunaraðferð við mælingar
Heildarstyrkur fosfórs	2 mg/l (10 000–100 000 p.e.) 1 mg/l (meira en 100 000 p.e.)	80	Litrófsmæling á sameindagleyfni
Heildarstyrkur köfnunarefnis ⁽²⁾	15 mg/l (10 000–100 000 p.e.) ⁽³⁾ 10 mg/l (meira en 100 000 p.e.) ⁽³⁾	70-80	Litrófsmæling á sameindagleyfni

⁽¹⁾ Lækkun miðað við styrk í skólpi sem streymir inn.

⁽²⁾ Heildarstyrkur köfnunarefnis merkir: Heildarsumma Kjeldahl-köfnunarefnis (lifrænt köfnunarefni og ammóníaks-köfnunarefni), níturat-köfnunarefnis og nítít-köfnunarefnis.

⁽³⁾ Þessi gildi fyrir styrk eru ársmeðaltal eins og um getur í c-lið í lið D.4 í I. viðauka. Þó má kanna hvort kröfum varðandi köfnunarefni er fullnægt með því að nota sólarhringsmeðaltal þegar sannað er, í samræmi við lið D.1 í I. viðauka, að jafnmikil vörn náist. Í því tilviki skal sólarhringsmeðaltal ekki fara yfir 20 mg/l af heildarstyrk köfnunarefnis í öllum sýnum þegar hitastig fráveituvatnsins í þeim hluta búnaðarins þar sem líffræðilegt niðurbrot á sér stað er hærra eða jafnt og 12 °C. Í stað skilyrða varðandi hitastig mætti setja takmörkun á lengd þess tíma sem stöðin er starfrækt með hliðsjón af veðurskilyrðum á staðnum.“